



Félag háskólakennara

Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana starfsárið 2022 - 2023

Hlutverk félagsins er skilgreint í 2. grein laga þess og er eftirfarandi:

- að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
- að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur.
- að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna.
- að efla símenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna.
- að vera í fyrirsvari fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum.

Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

Fjöldi félagsmanna 1. október 2022, skipting eftir stofnunum og starfsheitum:

HÍ	Fjöldi	Stöðugildi
<i>Dósentar</i>	126	113,3
<i>Lektorar</i>	156	113,1
<i>Stjórnsýsla</i>	396	353,6
<i>Aðjúnktar I og II</i>	178	106,0
<i>Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn</i>	26	23,1
<i>Nýdóttorar og rannsóknasérfræðingar</i>	87	70,4
<i>Meistara – og doktorsnemar</i>	219	188,5
<i>Rannsóknarmenn</i>	66	43,5
HÍ alls	1.254	1011,5
Árnastofnun alls	44	36,6
Raunvísindastofnun alls	115	97,1
Landsbókasafn alls	24	23,8
Keldur alls	7	5,9
Félag háskólakennara ALLS	1.444	1.174,9

Samkvæmt skýrslu stjórnar frá starfsárinu 2021-2022 þá var fjöldi félagsmanna í október 2020 samtals 1.382 og því er fjölgun félagsmanna milli ára tæp 5%.

Stjórn

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2022 - 2023 skipuðu eftirfarandi:

Baldvin Zarióh, formaður (deildarstjóri).

Jens Guðmundur Hjörleifsson, varaformaður (lektor).

Ármann Höskuldsson, meðstjórnandi (rannsóknaprófessor).

Berglind Eva Benediktsdóttir, meðstjórnandi (dósent).

Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri (Landsbókasafni - háskólabókasafni).

Íris Davíðsdóttir, ritari (rekstrarstjóri).

Jóna Margrét Ólafsdóttir, meðstjórnandi, (lektor).

Pontus Erik Gunnar Jarvstad, fulltrúi styrkþega.

Á starfsárinu voru samtals **12** stjórnarfundir.

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

Skrifstofa

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Bændahöllin við Hagatorg, suðurenda 2. hæð.

Trúnaðarstörf

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 24. maí 2022 var ákveðið að Jens Guðmundur Hjörleifsson yrði varaformaður félagsins, Íris Davíðsdóttir ritari og Guðmundur Ingi Guðmundsson gjaldkeri.

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi var kosinn Jens Guðmundur Hjörleifsson og varamaður var kosinn Guðmundur Ingi Guðmundsson.

Í siðanefnd HÍ var skipaður fyrir hönd félagsins, Henry Alexander Henrysson. Nefndin lét af störfum í mars 2022 og ný nefnd var skipuð. Nýr fulltrúi félagsins, Ármann Höskuldsson, var skipaður í Siðanefnd HÍ á stjórnarfundum þann 2. mars 2022 til áramóta 2022/2023. Á stjórnarfundum þann 1. febrúar 2023 var Ármann Höskuldsson skipaður fulltrúi félagsins í Siðanefnd HÍ til þriggja ára, frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir prófessor og Stefán C. Hardonk voru tilefnd í ráð um málefni fatlaðra fyrir hönd Félags háskólakennara og Félags prófessora við ríkisháskóla.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Örn Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2022 og hana skipa Sigríður Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

Trúnaðarmenn félagsins eru rúmlega 20. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa.

Félag háskólakennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf.

Starfsárið, störf stjórnar

Alls hafa verið haldnir 12 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu, auk fjölda annara funda um afmörkuð málefni. Ýmis málefni hafa verið á borði stjórnar og gert er grein fyrir þeim helstu hér á eftir.

Kjaramál:

Kjarasamningur félagsins sem undirritaður var 3. janúar 2020 gildir til 31. mars 2023. Það var því ljóst að meðal starfa nýrrar stjórnar á starfsárinu 2022-2023, myndi að stórum hluta felast í undirbúningi kjaraviðræðna. Undirbúningur fráfarandi stjórnar fólst í því að leggja skoðanakönnun fyrir félagsfólk, er fór fram í janúar 2022. Sérstakur vinnufundur helgaður kjaramálum var haldinn í september, þar sem vinna við kröfugerð félagsins hófst. Til þess að styðja enn frekar við þá vinnu voru haldnir rafrænir umræðufundir meðal félagsfólks á öllum sviðum og stofnunum. Tilgangur þeirra var fyrst og fremst að draga enn frekar fram skoðanir félagsfólks á kjaramálum og fá umræðu um kröfur sem komu fram í skoðanakönnun 2022 og stjórn hugðist leggja til grundvallar kjaraviðræðum. Á fundunum var jafnframt farið yfir þá sameiginlegu vinnu er átt hafði stað með aðildarfélögum BHM undir hugmyndafræði Jafnréttissamnings. Kröfugerðir félagsins voru formlega samþykktar á stjórnarfundum þann 1. febrúar sl.

Mikil samvinna hefur verið á milli félagsins, Félags prófessora við ríkisháskóla og Félags háskólakennara á Akureyri í aðdraganda kjarasamninga og félögin sammála um að taka höndum saman og ávarpa sameiginlega sín mál og málefni, innan vébanda BHM. Félögin ákváðu m.a. að leggja fram sameiginlegan texta í kröfugerðum félaganna vegna launaliðar, um að laun lektora nái meðallaunum hópa með sambærilega menntun og að sú launasetning verði notuð sem viðmið fyrir aðra starfahópa innan háskólans.

Í ágúst 2022 var ákveðið innan vébanda BHM að fara í samvinnu varðandi kjaraviðræður, að BHM myndi leiða þá vinnu og fengi til þess sérstakt viðræðuumboð frá aðildarfélögum. Samhliða unnu aðildarfélög BHM að útfærslu að kröfugerð sem lauk með kynningu BHM í nóvember 2022 á sameiginlegum áherslum í komandi kjaraviðræðum undir heitinu Jafnréttissamningurinn. Í Jafnréttissamningnum var áhersla lögð á að tryggja aukinn kaupmátt launa á samningstímabilinu og voru þær útfærðar í sjö undirliðum: Prósentuhækkanir, jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf, útvíkkun veikindaréttar, tilgreind séreign fyrir opinbert starfsfólk, hækkun persónuuppbóta, réttindi í fæðingarorlofi verði tryggð og að þörf á sí- og endurmenntun verði viðurkennd.

Eftir að kjarasamningar náðust á almenna markaðinum í lok árs 2022 ákváðu BHM, BSRB og KÍ í febrúar að ganga saman til kjaraviðræðna um tiltekin mál og nýta þannig samtakamátt sinn til að knýja fram kjarabætur. Aðildarfélög BHM komu sér saman um þríþætt umboð í viðræðunum. Í fyrsta lagi að BHM/BSRBI/KÍ nái samkomulagi við ríkið um svokallaða 7. gr. vinnu og um afmarkaðar greinar í kjarasamningi s.s. um orlof, veikindi og betri vinnutíma. Í öðru lagi taki við sameiginlegar viðræður um launaliðinn. Í þriðja lagi ræði aðildarfélög BHM við samningsaðila um sérmál.

Félag háskólakennara er fjölmennasta aðildarfélag inni BHM starfandi á ríkismarkaði og tók fullan þátt í þeirri vinnu sem átti sér stað innan bandalagsins. Þessar viðræður heildarsamtakanna annars vegar og launagreiðanda opinbera markaðarins (ríki, sveit og borg) hins vegar skiluðu þeim árangri að þann 31. mars sl. var skrifað undir rammisamning aðila. Frá því að rammisamkomulagið var undirritað átti samninganefnd Félags háskólakennara fundi með samninganefnd ríkisins. Skrifað var undir nýjan kjarasamning félagsins þann 12. apríl sl. Samningurinn var kynntur á fjölmönnum Teams fundi meðal félagsmanna, föstudaginn 14. apríl sl. Atkvæðagreiðsla um kjarasamninginn hófst sama dag og stóð til þriðjudagsins 18. apríl. Samningurinn var samþykktur með miklum meirihluta eða með 88,5% þeirra sem tóku þátt. Kjarsókn var 33,6%.

Gildistími kjarasamningsins er frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 eða einungis 12 mánuði. Nýjar launatöflur tóku gildi þann 1. apríl 2023 og hækkuðu laun að meðaltali um 7,2%. Þá var samið um hækkanir á persónu- og orlofsuppbót á árinu ásamt verkáætlun sem verður unnið að á samningstímanum. Samkvæmt verkáætlun verður unnið að betri vinnutíma í dagvinnu fyrir þá hópa sem ekki hafa enn notið styttingu vinnuvikunnar t.a.m. akademískt starfsfólk. Einnig verður unnið að endurskoðun veikindakafla kjarasamninga. Þá var samið um bókun í kjarasamningi er kveður á um að frekari greiningar á kostnaði akademísku starfsfólks vegna langskólamenntunar.

Félag háskólakennara gerði einnig bókanir í stofnanasamningi félagsins samhliða undirritun kjarasamnings, m.a. um endurskoðun starfsmatskerfisins SKREFs, um launamál doktorsnema og samgöngustyrki.

Samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál:

Á vettvangi samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál hefur m.a. verið rætt um launasetningu félagsfólks. Félagið lýsti áhyggjum sínum af lágri launsetningu félagsfólks í samanburði við sambærilega stéttir á öðrum stofnunum og samkeppnishæfni HÍ að halda og ráða starfsfólk. Félagið hefur ítrekað vakið athygli á málinu og lýst sig reiðubúið að vinna með háskólanum að lausn vandans.

Launaþróun og áherslur akademískra starfsmanna voru kynntar á sérstökum fundi í nefndinni.

Vinna að endurskoðun starfsmatskerfisins SKREFs hófst með fulltrúum félagsins annars vegar og HÍ hins vegar. Meðal annars þáðu fulltrúarnir boð frá aðilum í Bretlandi um kynningu á sambærilegum starfsmatskerfum sem notuð eru í háskólum þar í landi, fyrir starfsfólk í stjórnýslu. Tveir fulltrúar Félags háskólakennara þáðu boðið. Breska kerfið hefur marga kosti og aðilar eru sammála um að skoða kerfið áfram með gagnrýnum augum, með það að markmiði að bæta kjör og aðstæður starfsfólks í stjórnýslu og mun sú vinna því halda áfram.

Málefni stundakennara var rætt á nokkrum fundum ásamt reglum um fjarvinnu og reynsluna af styttingu vinnuvikunnar fyrir stjórnýslu (Betri vinnutími). Þá hefur verið rætt um nýliðunarvanda akademískra starfsmanna ásamt ýmsum réttindamálum starfsmanna HÍ, s.s. húsnæðismál, símamál og áskriftapakka vegna nettenginga.

Ályktanir/umsagnir:

Þann 6. febrúar 2023 sendi stjórn félagsins ályktun vegna orðalags í fundargerð háskólaráðs í janúar sl. um hugsanlega endurskoðun á fastlaunasamningum starfsfólks, vegna erfiðrar fjárhagsstöðu skólans vegna fjárlaga 2023. Í ályktuninni mótmælir félagið þeim hugmyndum harðlega.

Þann 8. febrúar 2023 sendu Félag háskólakennara og Félag prófessora við ríkisháskóla sameiginlega ályktun vegna fjármögnunar háskólastigsins. Í ályktuninni taka félögin undir hvatningu háskólaráðs til stjórnvalda að hraðað verði endurskoðun á reiknilíkani háskóla og unnið verði að þeirri framtíðarsýn sem er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um fjármögnun háskólastigsins.

Þann 17. mars 2023 sendu Félag háskólakennara, Félag prófessora við ríkisháskóla og Félag háskólakennara á Akureyri sameiginlega umsögn á þingsályktun um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025. Í umsögninni er m.a. vakin athyglir á því að hvergi er minnst á fjármögnun háskólastigsins í þeim hugmyndum sem nefndar eru í þingsályktuninni.

Verkefnamiðuð vinnurými:

Fulltrúar Félags háskólakennara og Félags prófessora við ríkisháskóla hafa átt sameiginlega fundi vegna þeirra hugmynda sem eru uppi um verkefnamiðuð vinnurými í nýjum byggjum HÍ. Þar voru aðilar

sammála mikilvægi þess að vinna verði lögð fram, af hendi HÍ, í kortlagningu á líðan starfsfólks fyrir og eftir breytinguna og að sveigjanleiki í hönnun verði hafður að leiðarljósi til að bregðast við þörfum hverju sinni. Auk þess sem málið hefur verið tekið upp á fundum með Samráðsnefnd um kjaramál. Áhersla hefur verið lögð á að félögin og félagsfólk sé upplýst og fái réttar upplýsingar um stöðu mála á hverjum tíma.

Húsnæðismál félagsins:

Félaginu barst tilkynning frá HÍ í byrjun haustsins 2022 um að til standi að breyta núverandi skrifstofuhúsnæði félagsins, vegna framkvæmda á húsnæði Hótel Sögu. Félaginu hefur boðist að flytja starfsemi sína upp á 3ju hæð hússins, með vilyrði um 2ja ára leigusamning.

Bandalag háskólamanna vill flytja úr núverandi húsnæði að Borgartúni 6, vegna fyrirsjáanlegs mikils viðhaldskostnaðar á næstu árum. Þarfagreining hefur átt sér stað hjá þeim aðildarfélögum sem staðsett eru í Borgartúni 6, með það í huga að flytja í nýtt húsnæði. Af þeim sökum hefur bandalagið boðið þeim aðildarfélögum sem ekki hafa aðsetur í Borgartúninu, að taka þátt í þeirri þarfagreiningu.

Málið var rætt á stjórnarfundi félagsins í mars sl. og ákveðið var að þiggja boð BHM um að félagið verði með í þarfagreiningu á nýju húsnæði BHM. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hvert bandalagið mun flytja eða hvenær.

Erlent samstarf

Fulltrúum félagsins var boðið á norrænan fund systursamtaka í júní 2022. Alls tóku fimm fulltrúar félagsins þátt í fundinum sem var mjög gagnlegur þar sem m.a. var rætt um vinnuáðstæður akademískra starfsmanna m.t.t. akademísku frelsis.

Næsti fundur félaganna verður haldinn á Íslandi í júní nk. Undirbúningur hefur verið í fullum gangi og ákveðið var að halda fundinn á Hótel Örk. Umræðuefni fundarins verður m.a. launasetning og skipulag stéttarfélaganna, kynning á matskerfi opinberra háskóla, mat á gæðum kennslu og verkefnaíðuð vinnurými.

Mitt stéttarfélag

Á stjórnarfundi í febrúar sl. ákvað stjórnin að taka þátt í verkefni sem unnið hefur verið að innan BHM sem heitir „mitt stéttarfélag“. Hugmyndin með kerfinu er að hannað verði kerfi í anda „mínar síður BHM“, sem er hægt er að aðlaga að þörfum hvers stéttarfélags.

Háskólaþing 11. nóvember 2022 og 26. apríl 2023: Jens Guðmundur Hjörleifsson sat þingið fyrir hönd Félags háskólakennara. Meginefni fyrra þingsins var ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið og sjálfbærnimál. Það síðara var fjölbreytt þing þar sem meðal annars var á dagskrá; sjálfbærnimál, matslistakerfið, málstefna HÍ og síðast ekki síst stefna HÍ með opin vinnurými.

BHM

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Íris Davíðsdóttir ritari Fh situr í Framkvæmdastjórn BHM.

Formannaráðsfundur BHM: Baldvin Zarióh formaður, situr í formannaráði BHM. Íris Davíðsdóttir situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Jafnréttisnefnd BHM: Baldvin Zarióh formaður, situr í jafnréttisnefnd BHM.

Viðræðunefnd BHM við ríkið: Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh var í nefndinni.

Málefni einstakra félagsmanna

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

LOKAORÐ:

Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er þakkað fyrir afskaplega gott samstarf á liðandi starfsári. Við viljum líka nota tækifærið og þakka Félagi Prófessora við ríkisháskóla og Félagi háskólakennara á Akureyri fyrir mjög gott samstarf á árinu

Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)

Stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara starfsárið 2022 - 2023 skipuðu eftirfarandi:

Fulltrúar Félags háskólakennara:

Íris Davíðsdóttir rekstarstjóri, formaður.

Jens Guðmundur Hjörleifsson lektor.

Fulltrúar Háskóla Íslands:

Pórana Dietz starfsmannastjóri Heilbrigðisvísindasviðs.

Guðrún Margrét Eysteindóttir lögfræðingur á Starfsmannasviði.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Helga Birna Ingimundardóttir.

Alls voru haldnir 14 undir í stjórn sjóðsins á starfsárinu og þeir haldnir bæði á staðnum og á fjarfundum.

Kynningarmál:

Stjórn sjóðsins leggur mikla áherslu á að kynna sjóðinn vel fyrir félagsfólki. Í mars og apríl sl. var m.a. boðið upp á rafræna fundi á flestum fræðasviðum háskólans.

Þá var öllum dósentum sendur tölvupóstur þar sem vakin var athygli á því að réttindi úr SFH falla niður með framgangi í starf prófessors.

Tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins á árunum 2017 til 2022 má sjá í eftirfarandi töflum:

Starfsár	2022	2021	2020	2019	2018	2017
Fjöldi umsókna	499	190	138	275	214	107
Samþykktar umsóknir	480	181	132	258	200	97
Ósamþykktar eða hætt við umsóknir	19	9	6	17	14	10
Styrkir sem greitt er fyrir:						
Skólagjöld	15%	31%	32%	14%	17%	24%
Námskeiðsgjöld	12%	35%	35%	9%	11%	11%
Ráðstefnugjöld	20%	8%	10%	21%	20%	12%
Rannsóknamisseri	2%	2%	0	0	0%	0
Kostnaður við flug	25%	9%	11%	29%	27%	28%
Kostnaður við akstur	2%	2%	0,50%	2%	1%	0%
Kostnaður við hótél	25%	13%	11,50%	25%	24%	23%
Greiddir styrkir einstaklingar kr.	67.452.964	19.502.047	16.113.637	34.497.513	21.847.214	11.119.267
Greiddir styrkir stofnanir (HÍ) kr.	5.734.000	1.118.520	0	0	0	0
Alls greiddir styrkir kr.	73.186.964	20.620.297	16.113.637	34.497.513	21.847.214	11.119.267

<i>Skipting umsókna eftir stofnunum og starfsheitum:</i>	2022	2021	2020	2019	2018	2017
HÍ	93%	93%	96%	91%	94%	90%
Akademískir	38%	25%	26%	48%	48%	43%
Stjórnsýsla	31%	29%	44%	30%	34%	32%
Nemar og rannsóknarfólk	31%	46%	52%	22%	18%	23%
Landsbókasafn–háskólabókasafn, Raunvísindastofnun, Keldur og Árnastofnun	7%	7%	4%	9%	6%	10%